

# Sjálfstætt fólk og vefarinn mikli

Hugleiðingar um frelsi og ábyrgð í stafrænum heimi

Hádegisfundur Ský 31. ágúst 2022

PÁLL RAFNAR ÞORSTEINSSON  
SIÐFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Hvað felst í því að vera frjáls?

- Frelsi er að geta valið hvað maður vill gera eða vera án utanaðkomandi hindrana (Neikvætt frelsi)
  - Frelsi felst í því að geta mótað líf sitt, langanir, gildi og val, á eigin forsendum og án utanaðkomandi áhrifa af nokkru tagi (Jákvætt frelsi)
- Afskiptaleysi
  - Ekki boð og bönn
  - Valkostir
  - Geta til þess að leggja skynsamlegt mat á valkosti
  - Að geta samsamað sig vali
  - Sjálfstæði
  - Sjálfræði

*“hugsandi vera...ábyrg fyrir vali mínu og þess megnug að útskýra það með hliðsjón af eigin gildum og markmiðum”*

(Berlin)

## Hnipp & torfærur (Nudge & sludge)

- **Hnipp (nudge)**: hvers konar hönnun ákvarðanaumhverfis (*Choice-Architecture*) sem miðar að því að breyta hegðun og vali einstaklinga, án þess að banna eða útiloka valkosti (Thaler & Sunstein 2008)
  - “*Libertarian paternalism*”: hjálpa okkur að *velja* það sem kemur okkur vel
  - Algeng gagnrýni: stríðir gegn sjálfræði og mannlegri reisn
- Hægt er að nota sömu aðferðafræði – nýta hugrænar skekkjur og veikleika – í gagnstæðum tilgangi
- **Torfærur (sludge)**: hönnun ákvarðanaumhverfis (*Choice-Architecture*) sem miðar að því að gera hagfellda valkosti torsóttu, án þess að útiloka þá beinlínis
  - “*Að hnippa til illis*” (Thaler 2018)
  - Í víðari skilningi: að nota algengar hugrænar skekkjur og veikleika til þess að *stýra hegðun og vali* einstaklinga óháð og jafnvel þvert gegn hagsmunum þeirra

## Vefurinn sem vettvangur ákvarðana

- Vefhönnun er hönnun á ákvarðanaumhverfi í margvíslegum tilgangi: upplýsingamiðlun, þjónusta, verslun
  - Meðmælakerfi: “Byggt á þínum óskum”, “Til að fullkomna persónulega upplifun”
  - Byggir á víðtækri söfnun og greiningu persónuupplýsinga um notandann
  - Persónumiðuð markaðsetning í rauntíma (njósnahagkerfið)
  - Upplýsingaójafnvægi: viðvarandi markaðsbrestur?

## Myrk mynstur (dark patterns)

- **Myrk mynstur:** *"val á hönnun notendaviðmóts, sem gagnast þjónustuveitanda með því að þvinga, stýra eða villa um fyrir notendum svo þeir taki ákvarðanir, sem þeir hefðu mögulega ekki gert væru þeir fyllilega upplýstir og færir um að kjósa aðra valkosti"* (Mathur et al. 2019)
- Sífelld algengari á stafrænum vettvangi, svo sem samfélagsmiðlum, vefverslunum, snjallforritum og tölvuleikjum.

### Dæmi:

- Tálmun: tilteknaðgerðir gerðar erfiðar: að segja upp þjónustu / hafna skilmálum
- Upplýsingaofgnótt: óyfirstíganlega langir notendaskilmálar
- Tímapressa: t.d. skilaboð um tímabundið tilboð eða niðurtalningu
- Skortur: fá eintök eftir / margir að skoða /
- Villandi leiðbeiningar: óskýrt eða tilfinningahlaðið orðalag
- Þvingað val: skilyrði fyrir því ljúka aðgerð – t.d. innskráning eða aðgangur að upplýsinum (sokkinn kostnaður)

# Hvað er svona hættulegt við vefinn?

- Eðli stafræns umhverfis:
  - Ákvarðanataka er hröð, auðveld og milliliðalaus
  - Óljós mörk: afþreying, fræðsla, félagslíf, verslun – margir boltar á lofti
  - Tæknin er ósýnileg: sjálfsagður hluti tilverunnar en er okkur ógagnsæ
- Tæknilegir möguleikar:
  - Fordæmalaus geta til að safna og nota upplýsingar til að áætla og stýra hegðun
  - Eins og að tefla skák við ofurtölvu (Harari & Harris)
- Nýtt umhverfi sem felur í sér verulegar áskoranir fyrir grundvallarfærni: að taka skynsamlegar ákvarðanir um eigin hagsmuni sem ábyrgir gerendur

# Sjálfstætt fólk eða leiksoppar

- Í ljósi dæma erum við mjög berskjölduð gagnvart því að ytri öfl móti ákvarðana-umhverfi okkar og stýri vali okkar lymskulega í annarlegum tilgangi:
  - ákvarðanir sem við hefðum ekki gert eftir skynamlega yfirvegun
  - ákvarðanir sem þjóna ekki okkar hagsmunum né endurspegla vilja okkar
  - ákvarðanir sem við getum ekki útskýrt með hliðsjón af markmiðum okkar og gildum
- Hætt við því að molni undan getu okkar til að vera ábyrg gerða okkar, taka skynsamlegar og sjálfstæðar ákvarðanir sem við getum kallað okkar eigin
- Sjálfræðishugmyndin – hornsteinn í frjálslyndu stjórnskipulagi – er orðin brothætt

## Eitt íslenskt dæmi (en ekkert einsdæmi)

- Vinsæll vefur tilkynnir um notkun á vefkökum:  
Þessi vefur notar vefkökur. [Sjá nánar](#).
- Upplýsingasíða útlistar skilmála í hnitmiðuðu máli skilmála - á jákvæðum nótum og undirstrikar hagræði notandans.
- Til að stilla/hafna vefkökum þarf að breyta stillingum í vafra og vísað er á erlenda vefsíðu með upplýsingum um hvernig það er gert í hinum ýmsu vöfrum

### Stilla notkun á vefkökum

Þú getur stýrt því hvernig þú notar vefkökur í þínum vafra, m.a. þannig að notkun þeirra sé hætt. **Hér má finna góðar leiðbeiningar um hvernig þú stillir notkun á vefkökum eða slekkur alfarið á notkun þeirra í hinum ýmsu vöfrum** (athugaðu að slóðin opnar nýjan glugga í vafranum þínum).



## Siðferðileg ábyrgð og viðmið

- **Horfum til afleiðinga:** hefur tiltekin hönnun á ákvarðana-umhverfi góðar eða slæmar afleiðingar í víðu samhengi? – (kostnaðar-og-ábatagreining)
- **Horfum til skyldu:** samrýmist hönnun á ákvarðana-umhverfi siðferðilegum skyldum? Það má t.d. ekki brjóta ekki á réttindum einstaklinga – burtséð frá afleiðingum
- **Horfum til dygða:** hvaða mannkosti eða lesti endurspeglar hönnun mín á ákvarðana-umhverfi? T.d. tillitssemi, hjálpssemi, réttisýni eða tillitsleysi, eigingirni, ósanngirni
- **Horfum til færni:** tekur hönnun á ákvarðana-umhverfi tillit til færni notenda? Eykur hún eða dregur úr getur þeirra til þess að taka skynsamlegar og sjálfstæðar ákvarðanir og ná sínum eigin markmiðum.